

1872.

25. maí.

gjörum Vær hërmeð Vorum kærnu og trúu þegnum, að Vær höfum Sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vær með Vorri konunglegu auglýsingu 18. nóvbr. f. á., samkvæmt 1. grein í lögum 11. febr. 1871, höfðum falið á hendur í fjærvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign, krónprinzi Christian Frederik Vilhelm Carl.

28. maí.

64. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

Það skal hërmeð tilkynnt Deild hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt félaginu 150 rd. styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“, og að í dag hefir verið hlutast til um, að fè þetta verði greiðt fèhirði deildarinnar, Oddgeiri Stephensen, stjórnardeildar forstjóra, úr aðalfèhirlu ríkisins.

4. júní.

65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um sending herskips til Íslands frá Englandi.¹⁾

Eptir að utanríkisstjórnin samkvæmt tilhlutun dómsmálastjórnarinnar hafði látið hinn konunglega danska sendiherra í Lundúnum, herforingja *Bilow*, leiða athygli ensku stjórnarinnar að því, að æskilegt væri, að England hefði nokkra tilsjón með enskum fiskimönnum við strendur Íslands, hefir hún nú skýrt frá, að henni hafi borizt skýrsla um það, að enska stjórnin ætli útaf

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 237—39.